

**46** Einkunnir fyrir það eru hæfur (admissus) og ágætlega hæfur (admissus cum  
25. júlí egregia laude).

Þeim stúdentum, sem byrjað hafa nám áður en ákvæði þessi ganga í gildi, er heimilt að ganga undir meistaraþróf samkvæmt hinum eldri reglum.

Þetta birtist hérmeð öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

*Í kennslumálaráðuneytinu, 25. júlí 1934.*

**Þorsteinn Briem.**

*Gissur Bergsteinsson.*

**47**

5. sept.

## ÓPIÐ BRÉF

er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar mánudaginn 1. október 1934.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að Vér samkvæmt lögum 8. febrúar 1934 um samkomulag reglulegs Alþingis árið 1934 allramildilegast höfum ákveðið, að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar mánudaginn 1. október 1934.

Um leið og Vér birtum þetta bjóðum Vér öllum þeim, sem setu eiga á Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugerð hefir farið fram í dómkirkjunni.

*Gjört á Amaliuborg, 5. september 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*